

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja megi í eyði fjórar þurrabúðir á Ingjaldshóli.

1867.
25. júlí.

Með bréfi dagsettu 11. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá með fylgiskjali, þar sem Tómas hreppstjóri Eggertsson, ábúandi á jörðinni Ingjaldshóli, er heyrir undir Arnarstapa umboð, sækir um, að sèr verði leyft að leggja niður að minnsta kosti fjórar af þeim 16 þurrabúðum, sem fylgja tæðri jörð. Hafið þér getið þess, að með því að hlutadeigandi ábúandi verður að ábyrgjast, að allt afgjaldið af Ingjaldshóli sè goldið, hvort sem hann getur leigt þurrabúðirnar eða fengið eptirgjaldið eptir þær, eða ekki, þá verði það ekki álitid nein rýrnun á jörðinni, þó þurrabúðunum sè fækkað, en miklu fremur lættir fyrir ábúandann, og hafið þér því lagt til með, að þegar búið sè að skila fjórum af þurrabúðunum af hendi í fullgildu standi eða með ofanálagi, er ákveðið sè af óvilhöllum mönnum, megi leggja þær í eyði, og selja húsin á opinberu uppboðsþingi, og færa síðan andvirðið til sem tekjugrein í reikningunum um tekjurnar af Arnarstapa umboði.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það og gjörðið ráðstafanir þær, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fellst hér með á tillögur yðar í þessu efni, og vonumst vèr á síðan að fá ítarlega skýrslu um það, sem gjört verður því til framkvæmdar.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

24. ágúst.

Í bréfi dagsettu 14. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að Jón nokkur Guðmundsson, sem dó í Rosmhvalaneshrepp árið 1858, og þá líka ekkja hans og börn, eigi að álitast að hafa átt sveit, þegar hann dó, á Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann er fæddur, eða á Hraunhrepp í Mýrasýslu, þar